

það til skipulagsskrár fyrir styrktarsjóð handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi, er **161**
 hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 4. marz þ. á. áleit **23. sept.**
 ráðgjafinn það rjettast, að gefa nefnd þeirri, sem hjer hafði myndast til að safna gjöfum
 handa þeim Íslendingum, sem tjón höfðu beðið af eldsuppkomunum 1875, tækifæri til að
 láta í ljósi álit sitt um frumvarpið, og hefir nefndin í svari sínu hjer aðlútandi stungið
 upp á því að teknar sjeu í skipulagsskrána viðaukaákvörðanir þær, að í 1. gr. sje
 bætt við ákvörðun um, að rikiskuldabryfum þeim, er þar eru nefnd, sje varið í
 innritunarskírteini, sem hljóði upp á nafn sjóðsins, að í niðurlagi 1. atriðis 2.
 greinar sje gjörð ákvörðun um, að ekki megi hagga við grundvallarinnstæðunni, nema til
 þess sje útvegað samþykki ráðgjafans fyrir Ísland, og að í niðurlaginu á öðru atriði
 hinnar sömu greinar sje bætt við, að svo framarlega sem hlutaðeigandi gefandi ekki hefir
 gjört neina ákvörðun um, hvernig verja skuli einhverri fjárupphæð, sem sjóðnum hefir
 gefizt, skal bera það mál undir úrskurð ráðgjafans fyrir Ísland.

Með því að ráðgjafinn varð að álita, að breytingar þær, sem þannig var stungið
 upp á, ættu vel við, og hafði að öðru leyti ekki fundið neitt út á ákvörðanir þær að setja,
 sem skipulagsskráin inniheldur, lagði ráðgjafinn það allraþegnsamlegast til við hans hátign
 konunginn, að skipulagsskráin með viðaukaákvörðunum þeim, er nefndin hafði gjört,
 mætti öðlast allrahæztu staðfestingu, og var sú tillaga allramildilegast samþykkt 31. júlí
 síðastliðinn.

Um leið og þetta er tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þeirrar, er
 þörf er á, í stjórnartíðindunum, er ekki látið dragast að senda yður, herra landshöfðingi,
 skipulagsskrá þá, er þannig er staðfest. Þar að auki er sendur reikningur fyrir þeim
 konunglegum skuldabryfum er 25. og 31. maí f. á. hafa verið afhent ráðgjafanum af
 gjaldkera áminnztrar nefndar að upphæð samtals 16500 kr. og fylgir reikningi þessum
 innritunarskírteini Litra G. fol. 626 að upphæð 16500 kr., konunglegt skuldabryf Litra
 L. no. 15496 að upphæð 1000 kr., og upphæð, er eptir hefir orðið í peningum 99 kr. 35 a.

Búizt er við þóknanlegri viðurkenningu fyrir, að innritunarskírteinið, skuldabryfið
 og áminnztir peningar sjeu meðteknir.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til að gefa út* **162**
 danska lestrarbók. — Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í brjefi frá 3. p. **11. okt.**
 m. veitist hjer með Kristjáni bókbindara Þorgrímssyni af fje því, sem með 15. gr. fjár-
 laganna um árin 1878—79 er ákveðið til vísindalegra fyrirtækja, 300 kr. styrkur til þess
 að gefa út danska lestrarbók með málmyndalýsingu og orðasafni, þannig að adjunkt Stein-
 grímur Thorsteinsson semji þessa bók, að hún verði ekki minni en 16 arkir í venjulegu
 8 blaða broti og að hún verði í kápu seld ekki dýrari en svo sem svari 12 a. fyrir hverja
 örk. Loksins er það sjálfsagt skilyrði fyrir styrknum, að lokið verði við prentun bókar-
 innar svo snemma að styrknum geti orðið ávísað hjeðan fyrir lok áðurnefnds fjárhags-
 tímabils.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um að* **163**
 yfirheyra skipbrotsmenn. — Af ýmsum skipbrotsmálum, er jeg meðtók frá **14. okt.**
 yður, herra amtmaður, með þessum pósti sjezt, að viðkomandi sýslumenn hafa álitnið svör
 þau við hinar prentuðu spurningar, er lagðar eru fyrir skipbrotsmenn og innihalda skýrslur